

23. fundur stjórnar Fimleikasambands Íslands, haldinn þann 12. maí 2011, kl. 16.15, á skrifstofu FSÍ í Laugardal.

Mættir eru: Þorgerður Diðriksdóttir, formaður, Birna Björnsdóttir, varaformaður, Þóra Sigurðardóttir, gjaldkeri, Ragnheiður Thorlacius, ritari, Sólveig Jónsdóttir, almannatengslafulltrúi. Gunnar Sigurðsson boðar forföll.

Formaður setti fundinn.

Á dagskrá eru eftirfarandi mál:

1. Fundargerðir.

Fundargerð 22. fundar frá 28. apríl sl. samþykkt.

2. Fyrirspurn Hlínar Bjarnadóttur um dómaramál á Heimsmeistaramótinu í áhaldafimleikum í Japan.

Stjórn FSÍ samþykkti á fundi 28. apríl sl. að þiggja boð FIG um að senda Berglindi Pétursdóttur og Björn Magnússon sem eftirlitsdómara á mótið. Jafnframt var bókað að þar sem boð FIG geri það að verkum að dýrmæt dómaraareynsla þessara einstaklinga muni skila sér til hreyfingarinnar, hafi það verið mat stjórnar að ekki sé þörf að fleiri dómara fari til starfa á mótið að þessu sinni.

Stjórn hefur borist eftirfarandi fyrirspurn frá Hlín Bjarnadóttur, formanni tækninefndar í áhaldafimleikum kvenna, í tilefni áðurgreindrar ákvörðunar stjórnar FSÍ:

Fyrirspurn HB., „Er einhver sekt fyrir að senda engann dómara á mótið? Var þessi hluti ræddur líka, líkt og aðrar þjóðir höfum við litið á það sem einstakan Bónus að dómara séu valdi í Eftirlitsdómaragæslu á stórmótum, þ.e OL, HM og EM og að aðrir dómara fái tækifæri til að dæma skv. landareglunni, held því miður að WAG nefnd hjá FIG verði ekkert sérstaklega hrifin af þessu útspili ef við ætlum að taka þátt með keppendur. Hefði kosið að einn dómari færi af hvoru kyni á mótið“

Svar stjórnar: Þó svo sendir yrðu íslenskir keppendur á mótið er engin skylda til að senda dómara á mótið. Því eru engar sektir fyrir að senda ekki dómara.

Fyrirspurn HB. „Hefði verið eðlilegt að fá skoðun TK og TKV á þessum þætti líkt og öll önnur mál sem varða faglegar og eða fjárhagslegar ákvarðanir sem varða áhaldafimleika á Íslandi.“

Svar stjórnar: Þegar ákvörðun var tekin um að senda ekki fleiri dómara á mótið en þá sem fara í boði FIG, lá fyrir að það myndi kosta FSÍ umtalsverða fjármuni að senda dómara á kostnað sambandsins. Fyrir lá að kostnaður við gistingu á hóteli í Japan þann tíma sem um ræðir væri áætlaður 311.100 krónur fyrir einn dómara. Þá er ótalin kostnaður við flug og upphald. Það var mat stjórnar FSÍ að með því að þiggja boð FIG myndi tvennt ávinnast. Annars vegar að dýrmæt dómara-reynsla þeirra einstaklinga sem dæma munu frá Íslandi myndi skila sér til hreyfingarinnar og hins vegar að FSÍ myndi spara verulega fjármuni. Með hliðsjón af framangreindu var ekki óskað álits tækninefnda í máli þessu.

3. Umsókn um „Wild card/tripatite commission places“ vegna Ólympíuleikanna í London 2012.

Málið var áður á dagskrá á 20. fundi stjórnar þann 31. mars sl. og var samþykkt að fresta málinu fram yfir Evrópumeistaramótið í áhaldafimleikum. Birna gerði grein fyrir stöðu málsins. Fram kom hjá henni að FSÍ þarf að sækja um til FIG og tilgreina þann einstakling sem um ræðir. Um væri að ræða þann einstakling sem ekki hefur náð lágmarkum en er mjög nærri. Þá mun ÍSÍ einnig sækja um fyrir tilgreindar íþróttgreinar en nokkur sæti/“card“ eru laus til umsóknar. Fyrir liggur að allur kostnaður sem tilfellur vegna keppanda sem fær „wild card“ verður ekki greiddur af FIG og því ljóst að „wild card“ kallar á einhvern aukakostnað. Stjórn samþykkir að sækja um „wild card“ fyrir Viktor Kristmannsson sem stefnir á Ólympíuleikana 2012, og mun stjórn leitast við að standa að baki honum. Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram.

4. Landsliðsmál í hópfimleikum

Á 20. fundi stjórnar FSÍ þann 31. mars sl. var tekið fyrir bréf tækninefndar í hópfimleikum um framtíðarsýn nefndarinnar í landsliðsmálum í hópfimleikum. Í samræmi við afgreiðslu málsins kynnti formaður nefndarinnar, Olga Bjarnadóttir, málið á formannaráðsfundinum 6. maí sl. Á þeim fundi var samþykkt að óska eftir því við aðildarfélög FSÍ að þau fjalli um skipan landsliðsmála í hópfimleikum innan sinna félaga og senda umsögn og athugasemdir um framtíðarskipulag landsliðsmála í hópfimleikum til stjórnar eigi síðar en 1. júní nk. Sérstaklega var óskað eftir að félögin myndu huga að fjármögnun verkefnisins og koma með tillögu þar að lútandi. Stjórn samþykkir framangreinda

afgreiðslu formannaráðsfundar og felur framkvæmdastjóra að kynna bókun þessa fyrir aðildarfélögnum og tækninefnd í hópfimleikum.

5. Kynningarfundur vegna Eurogym 2012 í Portúgal.

Málið var tekið fyrir á 22. fundi stjórnar 28. apríl sl. og var þá óskað eftir að nefnd um fimleika fyrir alla tilnefni fulltrúa á fundinn og var þess einnig óskað að viðkomandi verði fararstjóri á hátíðinni.

Stjórn hefur borist afgreiðsla nefndar um fimleika fyrir alla sem tilnefnir Hrund Þorgeirsdóttur, framkvæmdastjórnar, til fararinnar. Stjórn samþykkir tilnefningu nefndarinnar og felur framkvæmdastjóra að tilkynna nefndinni um afgreiðslu málsins.

6. Tillaga um breytingu á keppnis- og mótareglum í teamgym - óskað er umsagnar tækninefndar í hópfimleikum.

Stjórn FSÍ samþykkir að óskar eftir umsögn tækninefndar í hópfimleikum um eftirfarandi tillögu um breytingu á keppnis- og mótareglum í teamgym og biður nefndina um að kom með tillögu um hvar í regluverkinu breytingu sem þessi yrði, ef hún yrði samþykkt af FSÍ, og koma einnig með tillögur um breytingar á tillögu stjórnar, óski nefndin þess.

Umsögn óskast send stjórn FSÍ eigi síðar en 15. júní nk.

Inn í reglurnar komi nýtt ákvæði sem hljóði svo:

Keppni í meistaraflokki karla, kvenna og blandaðra liða á FSÍ mótum

- a. Á FSÍ mótum, þar sem keppt er samkvæmt teamgymreglum, er aðildarfélagi heimilt að skrá fleiri en eitt lið til keppni og skulu liðin skráð eftir styrkleika sem a- lið, b- lið o.s.frv., eitt í hverjum styrkleikaflokki. Aðeins lið í efsta styrkleikaflokki, a –lið, geta keppt um Íslandsmeistaratitil í fjölþraut. Keppni um Íslandsmeistaratitil á einstökum áhöldum fari fram milli liða í öllum styrkleikaflokkum.
- b. Í keppni um þátttökurétt félagsliða á erlendum mótum, sem fram skal fara á FSÍ mótum, getur aðeins eitt lið frá hverju aðildarfélagi tekið þátt.

Greinargerð.

Í núgildandi móta- og keppnisreglum FSÍ í hópfimleikum er ekkert sem bannar að aðildarfélag geti sent fleiri en eitt lið til keppni í meistaraflokki á FSÍ mót sem og til keppni um þátttökurétt á erlendum mótum félagsliða. Í öðrum hópíþróttum, sbr. reglugerð HSÍ um handknattleiksmót, 11. gr. og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, grein 3.1.2., er hins vegar kveðið á um að í landskeppni geti aðeins eitt lið frá hverju félagi tekið þátt.

Stjórn FSÍ telur mikilvægt að sambærilegt ákvæði verði sett í móta- og keppnisreglur í hópfimleikum hvað varðar meistaraflokka sem keppa eftir teamgym reglum á FSÍ mótum. Eðlilegt er að á FSÍ mótum fari fram keppni milli aðildarfélaga í meistaraflokki og þannig gefist öllum félögum, án tillits til stærðar, sömu möguleikar á að eiga lið í keppni í fjölbraut í meistaraflokki og þá um leið jafna möguleika til að keppa um keppnisrétt á erlendum félagsliðamótum. Hverju aðildarfélagi er það mikilvægt að hafa á að skipa meistaraflokki og má í því sambandi nefna mikilvægi þess að ungu íþróttafólki standi til boða að þjálfar og keppa fram eftir unglingsárum. Slíkt dregur úr brottfalli og hefur gríðarlegt forvarnagildi. Þá

er óumdeilt að iðkendur í meistaraflokki gegna mikilvægu hlutverki í hverju félagi sem fyrirmyndir yngri iðkenda auk þess sem þátttaka í keppni á meistaraflokksstigi er hvetjandi fyrir yngri iðkendum og auðveldar félögum að sækja um styrki og annan stuðning frá fyrirtækjum og einstaklingum.

Með vísan til heildarhagsmuna fimleikahreyfingarinnar setur stjórn FSÍ fram ofanritaða tillögu um breytingu/nýmæli á keppnis- og mótareglum í hópfimleikum.

Framkvæmdastjóra falið að senda tækninefnd í hópfimleikum tillöguna til umsagnar.

7. 16. Smáþjóðaleikar Evrópu sem fram fara á Íslandi 1.-16. júní 2015.

Stjórn FSÍ hefur borist bréf ÍSÍ, dags. 28. apríl sl., þar sem óskað er eftir að þau sérsambönd ÍSÍ sem hafa áhuga á að vera þátttakendur í leikunum sem annað af tveimur viðbótargreinum á leikunum þurfi að senda formlegt erindi til ÍSÍ vegna þessa eigi síðar en 15. maí nk.

Stjórn samþykkir að óska eftir því að keppt verði í áhaldafimleikum karla og kvenna á Smáþjóðaleikunum 2015.

8. Tilnefning tækninefnda í áhaldafimleikum vegna Ólympíuleika æskunnar í Tyrklandi 20. - 30. júlí 2011.

Stjórn hefur borist tilnefning tækninefnda karla og kvenna í áhaldafimleikum vegna Ólympíuleika æskunnar í Tyrklandi 20.-30.júlí nk.

Formaður víkur af fundi. Birna Björnsdóttir tekur við stjórn fundarins.

Samþykkt er tilnefning tækninefndar karla sem er svohljóðandi:

- a. Keppendur: Sigurður Andrés Sigurðsson og Garðar Egill Guðmundsson. Tilnefnding tækninefndar karla um keppendur á mótinu er samþykkt með vísan til rökstuðnings nefndarinnar. Samþykkt er beiðni tækninefndar um að senda Hróbjart Pálmar Hilmarsson sem keppanda á mótið með vísan til rökstuðnings tækninefndarinnar.
- b. Þjálfari: Björn Tómas Magnússon.
- c. Dómari: Daði Snær Pálsson.

Samþykkt er tilnefning tækninefndar kvenna sem er svohljóðandi:

- a. Keppendur: Þórey Kristinsdóttir, Freyja Húnfjörð Jósepsdóttir og Hildur Ólafsdóttir.
- b. Þjálfari: Jóhannes Níels Sigurðsson.
- c. Dómari: Harpa Óskarsdóttur.

Stjórn FSÍ samþykkir tilnefningu nefndarinnar en ítrekar að með tilnefningu skal fylgja rökstuðningur og að gerð sé grein fyrir þeim faglegu forsendum sem eru að baki tilnefningu hverju sinni

Um afgreiðslu máls þessa vísast til verkferla. Í fjarveru framkvæmdastjóra mun formaður tilkynna verkefnisstjóra um afgreiðslu málsins.

Formaður tekur við stjórn fundarins.

Stjórn samþykkir að Davíð Ingason, verkefnisstjóri, verði liðstjóri hópans.

9. Mótahald í apríl og maí.

Stjórn FSÍ þakkar fimleikadeild Gerplu sem og öllum þeim sem komu að skipulagningu, undirbúningi og framkvæmd 5. Norðurlandamóts unglunga í áhaldafimleikum karla og kvenna sem haldið var í Versölum 30. apríl – 1. maí sl.

9. Til kynningar.

- a. Lögð er fram fundargerð framkvæmdaráðs FSÍ sem haldinn var 3. maí sl. Framkvæmdastjóra falið að senda fundargerðina til allra aðildarfélaga og nefnda FSÍ.
- b. Lögð er fram fundargerð formannaráðs FSÍ sem haldinn var 7. maí sl. Framkvæmdastjóra er falið að senda fundargerðina til allra aðildarfélaga og nefnd FSÍ.
- c. Formaður og framkvæmdastjóri hafa rætt við Róbert Bentína um að taka að sér verkefnið „þú uppskerð eins og þú sáir“ sem er samvinnuverkefni FSÍ og Vinnumálastofnunar.

Næsti fundur verður haldinn fimmtudaginn 26. maí nk., kl.16.15.

Fundi slitið kl. 19.15.

Ragnheiður Thorlacius,
ritar fundargerð.

